

31. maí 2023 - Fréttatilkynning

## Sjóvá – Árshlutauppgjör

### 636 m.kr. hagnaður á fyrsta ársfjórðungi 2023

#### Fyrsti ársfjórðungur 2023 og horfur

- Tap af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 111 m.kr. (1F 2022: 364 m.kr. hagnaður)
- Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta 812 m.kr. (1F 2022: 879 m.kr.)
- Hagnaður tímabilsins 636 m.kr. (1F 2022: 1.059 m.kr.)
- Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu 1,6% (1F 2022: 1,6%)
- Samsett hlutfall 101,5% (1F 2022: 94,5%)
- IFRS 17, nýr reikningsskilastaðall um váttryggingasamninga, tók gildi 1. janúar 2023
- Horfur fyrir árið 2023 eru óbreyttar en með innleiðingu IFRS 17 er afkoma af váttryggingasamningum, áður afkoma af váttryggingarekstri, sett fram með nýjum hætti og m.a. er ekki lengur reiknaðar fjárfestingatekjur á váttryggingastarfsemina
- Afkoma af váttryggingasamningum fyrir árið 2023 og til næstu 12 mánaða er því áætluð á bilinu 1.400-1.900 m.kr. og samsett hlutfall um 94-96%

#### Hermann Björnsson, forstjóri:

Afkoma Sjóvár á fyrsta ársfjórðungi nam 636 m.kr. og samsett hlutfall var 101,5%. Afkoma fjárfestinga var 812 m.kr. og afkoma af váttryggingasamningum var neikvæð um 111 m.kr.

Tekjur af váttryggingasamningum jukust um 10,2% samanborið við sama tímabil í fyrra og er tekjuvöxturinn jafnt á einstaklings- og fyrirtækjamarkaði.

Neikvæð afkoma af váttryggingarekstri helgast fyrst og fremst af því að eitt stórt brunatjón henti okkar viðskiptavin á fjórðungnum. Í áætlunum er gert ráð fyrir tjónum af þessari stærðargráðu en eðli máls samkvæmt hafa þau afgerandi áhrif í þeim fjórðungi sem þau falla til. Kostnaður vegna tjónsins er hærri en áður þar sem töluverðar hækkanir áttu sér stað á alþjóðlegum endurtryggingamörkuðum um áramótin sem rekja má m.a. til stríðsátaka, alþjóðlegrar verðbólgu og mikilla náttúruhamfara um heim allan. Þær hækkanir hafa bæði áhrif á kostnað við endurtryggingavernd og kostnað við endurnýjun verndar þegar stórtjón falla til.

Auk stóra brunatjónsins var fært í bækur á fjórðungnum annað stórt tjón sem er að fullu endurtryggt og fellur undir umboðssamning við erlent tryggingafélag. Að frádregnum þessum tjónum helst tjónahlutfall stöðugt milli tímabila eftir hækkanir undanfarna fjórðunga þrátt fyrir að fjórðungurinn hafi verið nokkuð tjónþungur í ljósi veðurfars og mikillar umferðar um allt land.

Afkoma af fjárfestingastarfsemi fyrir fjármagnsliði og skatta var 798 m.kr. sem er ásættanlegt í ljósi markaðsaðstæðna en miklar sveiflur hafa verið á eignamörkuðum það sem af er ári. Allir eignaflokkar skiluðu jákvæðri afkomu að undanskildum óskráðum hlutabréfum sem voru færð niður um 171 m.kr. Ávöxtun skráðra hlutabréfa var 2,9%, ríkisskuldabréfa 1,7% og ávöxtun safnsins alls 1,6% á fjórðungnum sem er í samræmi við en þó lítillega undir væntingum um ávöxtun til lengri tíma litið miðað við núverandi vaxtastig.

Mikil gerjun hefur verið í stafrænum lausnum og þjónustuleiðum á síðustu vikum og mánuðum. Markviss vinna hefur verið lögð í að einfalda og bæta tjónaúrvinnslu og tryggja hröð og skilvirk samskipti við viðskiptavinina okkar sem lenda í tjónum. Nýlega hófum við sölu á nýrri vöru sem ætluð er ungu fólki. Í breyttum heimi hafa eignir og verðmæti fólks breyst, ekki síst yngri viðskiptavinina okkar. Til að mæta þeirri þróun höfum við hafið sölu á einfaldri tryggingu sem nær yfir snjallsíma, önnur snjalltæki sem og reiðhjól. Snjalltryggingin hefur viðtækari vernd en aðrar sambærilegar tryggingar á markaði.

Sjóvá er eitt af fyrirmyndarfyrirtækjum VR 2023 sem er ein stærsta vinnustaðakönnun sem framkvæmd er á Íslandi. Þessi niðurstaða er ánægjuleg staðfesting á þeim miklum gæðum sem við búum að í okkar starfsfólki og áherslum í mannauðsmálum. Líkt og við höfum áður sagt þá helst ánægja starfsfólks í hendur við ánægju viðskiptavina. Áfram verður unnið að því að viðhalda sterkri stöðu og ímynd á markaði sem félag með tryggustu viðskiptavinina, það tryggingafélag sem flestum dettur fyrst í hug og það tryggingafélag sem flestir myndu velja í dag og er stutt með niðurstöðum ytri sem innri kannana.

Innleiddur hefur verið nýr reikningsskilastaðall, IFRS 17 um vátryggingasamninga. IFRS 17 tók við af IFRS 4 fyrir reikningsskilatímabil sem hófust frá og með 1. janúar 2023. Helstu breytingar felast í framsetningu á rekstrar- og efnahagsreikningi sem er með talsvert breyttu sniði auk þess sem ný hugtök eru innleidd í rekstrar- og efnahagsreikningi. Ítarlegar upplýsingar um áhrif innleiðingarinnar er að finna í skýringum 1 e)-f) í árshlutareikningi.

Horfur fyrir árið 2023 eru óbreyttar en með innleiðingu IFRS 17 er afkoma af vátryggingasamningum, áður afkoma af vátryggingarekstri, sett fram með nýjum hætti. Ein stærsta breytingin felst í því að ekki eru lengur reiknaðar fjárfestingatekjur á vátryggingastarfseminum sem komu til lækkunar á fjárfestingatekjum af fjárfestingastarfsemi. Afkoma af vátryggingasamningum fyrir árið 2023 og til næstu 12 mánaða er áætluð á bilinu 1.400-1.900 m.kr. og samsett hlutfall á bilinu 94%-96%.

## Kynningarfundur 31. maí kl. 16:15

Markaðsaðilum og fjárfestum er boðið á kynningarfund í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð þann 31. maí kl. 16:15. Þar munu Hermann Björnsson forstjóri, Sigríður Vala Halldórsdóttir framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni og Þórður Pálsson forstöðumaður fjárfestinga kynna uppgjorið og fara yfir afkomu félagsins. Kynningunni verður jafnframt streymt á slóðinni

<https://www.sjova.is/um-okkur/fjarfestar/afkomukynning-1f-2023/>

Vilji aðilar bera upp spurningar má senda þær á netfangið [fjarfestar@sjova.is](mailto:fjarfestar@sjova.is) fyrir fundinn eða á meðan á fundi stendur og verður þeim svarað í lok kynningarinnar.

Uppgjörsefni verður aðgengilegt á vef Sjóvár [www.sjova.is/fjarfestar](http://www.sjova.is/fjarfestar) frá þeim tíma er kynningin hefst og verður upptaka af fundinum aðgengileg á sömu síðu að fundi loknum.

### Fjárhagsdagatal

2. ársfjórðungur 2023.....	<b>31. ágúst 2023</b>
3. ársfjórðungur 2023.....	<b>26. október 2023</b>
Ársuppgjör 2023.....	<b>8. febrúar 2024</b>
Aðalfundur 2024.....	<b>7. mars 2024</b>

### Nánari upplýsingar

Meðfylgjandi er fréttatilkynning, samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar og fjárfestakynning Sjóvá-Almennra trygginga hf. vegna fyrsta ársfjórðungs 2023.

Nánari upplýsingar veitir Davíð Scheving Thorsteinsson í síma 869-8109 eða [fjarfestar@sjova.is](mailto:fjarfestar@sjova.is).

## Helstu niðurstöður og lykiltölur

	1F 2023	1F 2022*	Heilt ár 2022*
Tekjur af váttryggingasamningum	7.338.305	6.658.116	28.011.113
Tjón tímabilsins	(6.592.442)	(4.619.301)	(20.227.727)
Rekstrarkostnaður af váttryggingasamningum	(1.550.193)	(1.427.357)	(5.837.120)
Afkoma af endurtryggingasamningum	693.377	(247.178)	(488.889)
<b>Afkoma af váttryggingasamningum</b>	<b>(110.954)</b>	<b>364.281</b>	<b>1.457.376</b>
Hreinar fjármunatekjur	439.276	315.033	1.472.780
Gangvirðisbreytingar fjáreigna færðar á gangvirði	437.527	480.158	201.500
Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi	(78.986)	(73.155)	(293.297)
<b>Afkoma fjárfestinga</b>	<b>797.817</b>	<b>722.036</b>	<b>1.380.983</b>
Fjármagnsliðir váttryggingasamninga	13.931	157.308	142.607
<b>Afkoma fjármagnsliða</b>	<b>13.931</b>	<b>157.308</b>	<b>142.607</b>
<b>Afkoma af váttryggingasamningum og fjárfestingum</b>	<b>700.794</b>	<b>1.243.626</b>	<b>2.980.966</b>
Aðrar tekjur	43.505	39.682	138.367
Annar rekstrarkostnaður	(13.831)	(12.030)	(48.915)
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	<b>730.468</b>	<b>1.271.278</b>	<b>3.070.418</b>
Tekjuskattur	(94.967)	(212.434)	(420.105)
<b>Heildarhagnaður tímabilsins</b>	<b>635.501</b>	<b>1.058.844</b>	<b>2.650.313</b>
<b>Helstu kennitölur</b>	<b>1F 2023</b>	<b>1F 2022*</b>	<b>Heilt ár 2022*</b>
Tjónahlutfall	89,8%	69,4%	72,2%
Endurtryggingahlutfall	(9,4%)	3,7%	1,7%
Kostnaðarhlutfall	21,1%	21,4%	20,8%
Samsett hlutfall	101,5%	94,5%	94,8%
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta á ársgrundvelli	14,2%	22,6%	13,5%
Arðsemi eigin fjár eftir skatta á ársgrundvelli	12,3%	18,8%	11,6%
Eiginfjárhlutfall	31,3%	34,9%	34,6%
Gjaldþolshlutfall	1,44	1,52	1,41
Lágmarksfjármagnshlutfall	3,33	3,91	3,49
<b>Helstu liðir úr efnahagsreikningi</b>	<b>31.3.2023</b>	<b>31.3.2022*</b>	<b>31.12.2022*</b>
Verðbréf	51.144.117	48.279.752	51.254.266
Endurtryggingaeignir	2.215.390	919.811	1.037.824
Eignir samtals	63.762.017	59.484.021	61.682.825
Skuldbinding vegna váttryggingasamninga	34.980.141	29.448.187	32.058.840
Eigið fé samtals	19.926.861	20.750.266	21.332.043

## Fjárhæðir eru í milljónum króna

\* Framsetningu samanburðarfjárhæða hefur verið breytt til samræmis við innleiðingu nýrra reikningskilastaðla

Samandreginn árshlutareikningur Sjóvár fyrir fyrsta ársfjórðung 2023 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundi þann 31. maí 2023. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.